

# Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2014

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á 615 fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2014 verði sem hér segir:

## Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,265%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,140%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,340%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 23.280	pr. íbúð

## Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,140%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

## Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,650%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,140%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni [www.mos.is](http://www.mos.is)

## Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is) og íbúagátt [ibuagatt.mosfellsbaer.is](http://ibuagatt.mosfellsbaer.is) en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Gjalddagar fasteignagjalda skiptast á níu gjalddaga frá 15. janúar til 15. september. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 30.000 er gjalddagi þeirra 15. janúar.

Greiðslu má inna af hendi með greiðsluseðlum, í heimabanka og í bönkum. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Nánari upplýsingar um greiðslumöguleika fást í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt [ibuagatt.mosfellsbaer.is](http://ibuagatt.mosfellsbaer.is) eða í Þjónustuveri.

## Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is).

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga 2012:

2014 Afsláttur:	Tekjur einstaklinga	
	Frá	Til
100%	0	2.595.999
80%	2.596.000	2.855.999
60%	2.856.000	3.112.999
40%	3.113.000	3.360.999
20%	3.361.000	3.596.999

Tekjur hjóna 2012:

2014 Afsláttur:	Tekjur hjóna	
	Frá	Til
100%	0	3.633.999
80%	3.634.000	3.997.999
60%	3.998.000	4.356.999
40%	4.357.000	4.705.999
20%	4.706.000	5.035.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is)